

Nr. 144 / 10 Venus HF 519**Vélarvana og rekur að landi**

Skipaskr.nr. 1308
Smíðaður: Spáni 1973, stál
Stærð: 1156,1 brl. 1779,0 bt.
Mesta lengd: 77,53 m Skráð lengd: 69,22 m
Breidd: 11,6 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 2355 kW, 1979
Fjöldi skipverja: 27



Venus©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. nóvember 2010 var Venus HF 519 á siglingu um 3 sml. norður af Kögri. Veður: NA 6-10 m/s, ölduhæð 4 m.

Vakthafandi vélstjóri varð var við að olía flæddi út um öryggislúgur efst á sveifarhúsi (sprengilúgur). Hann gerði stjórnþalli og yfirvélstjóra þegar viðvart um að hann þyrfti að stöðva vélina sem hann og gerði.

Skipstjórinn lét strandstöð og nærliggjandi skip þegar vita að skipið væri vélarvana skammt undan Kögri og ræki í átt að landi. Hann lét gera akkeri klár til notkunar ef með þyrfti.

Viðgerð á vélinni hafði verið framkvæmd áður en skipið lagði úr höfn nokkrum klukkustundum áður og tengdi vélstjórinn atvikið strax viðgerðinni. Hann ræsti varasmurolúdælu til að dæla smurolúnni úr sveifarhúsinu. Í sogröri við aðalsmurolúdælu vélarinnar fannst grisjuklútur í sigti sem stöðvaði flæðið að dælunni svo frárennsli úr botnpönnu vélarinnar inn í smurolútank stöðvaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að búið var að keyra aðalvélina í 15 klukkustundir frá því viðgerð lauk;
- að smurolúdælan er tvöföld þ.e.a.s. önnur hlið hennar dælir upp úr smurolútanknum og heldur uppi smurþrýstingi vélarinnar og hin hliðin,

sem alltaf er afkastameiri, dælir smurolúnni úr botnpönnunni í smurolútankinn. Þessi dæla er drifin af snúningi vélarinnar;

- að vara smurolúdælan er rafdrifin og einnig tvöföld og þurfti því að aftengja sogrörið á þrýstihlið hennar;
- að vakthafandi vélstjóri stóð við aðalvélinu þegar bilunin kom fram og áttaði sig strax á hvað var í gangi. Taldi hann að ef hann hefði verið staddur í vaktklefa þá hefði hann hugsanlega ekki orðið var við þetta fyrir en að tjón hefði geta orðið á vélinni;
- að yfirvélstjórinn sagðist treysta viðgerðarverkstæðinu og ekki gera neinar séstakar kröfur umfram það að faglega sé staðið að verki. Hann sagði að eftirleiðis verði botnpannan tæmd áður en viðgerð hefst og hún yfirlitinn áður en sveifarhúsi er lokað;
- að engar skriflegar verklagsreglur eru hjá viðgerðaraðila um hvað varast beri við svona viðgerð annað en þær hefðbundnu vinnureglur sem verkstjóri setur sér og sínum mönnum munnlega;
- að verkstjórinn sagði að þeir hefðu oft unnið í þessari vél en eftirleiðis verður gerð krafa um að búið sé að dæla allri olúnni úr pönnunni, með vara smurolúdælunni, áður en sambærileg viðgerð hefst til að girða fyrir að svona óhapp endurtekið sig.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til slægra vinnubragða við viðgerð á aðalvél skipsins.